



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar áform um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, mál nr. S-48/2024. Samtökin styðja áformin en til stendur að skýra betur tiltekin ákvæði í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

SI hafa á undanförunum árum bent á atriði sem óvissa hefur verið um í skattframkvæmd hér á landi. Hefur þetta komið niður á verðmætasköpun, valdið óvissu hjá fyrirtækjum sem og hamlað erlendri fjárfestingu. Meðal annars hafa komið fram ábendingar er varða gildissvið 10. tölul. 12. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og er því jákvætt að það eigi að bregðast við þeim með fyrirhuguðu frumvarpi. SI telja afar mikilvægt að dregið verði úr óvissu um tilhögun skattlagningar þegar þjónusta er seld til atvinnufyrirtækja, sem hvorki hafa heimilisfesti hér á landi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð, og að ákvæðið verði í samræmi við meginstef fjarlægðarreglunnar (e. destination principle). Það mun leiða til aukins skýrleika og skilvirkni í skattframkvæmd og aukinnar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem flytja út þjónustu og skapa útflutningstekjur.

Þá telja SI ástæðu til að skoða hvort ekki sé þörf fyrir að gera frekari breytingar á skattalöggjöf til að bregðast við aukinni óvissu varðandi skattframkvæmd hér á landi.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs